

Pinggerð

53. ársþing Landsambands hestamannafélaga haldið í félagsheimili Fáks 8. og 9. nóvember 2002.

Pingforsetar:

Bragi Ásgeirsson, Reykjavík
Stefán Pálsson, Reykjavík

Ritarar:

Hulda Gústafsdóttir – aðalritari
Jóhanna Kristín Claessen

Annað starfsfólk:

Sigrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri LH og Sólveig Ásgeirsdóttir skrifstofu LH, ásamt góðu hjálparfólki frá Fáki.

Föstudagur 8. nóvember

Formaður LH, Jón Albert Sigurbjörnsson, setti þingið kl. 13:00 föstudaginn 8. nóvember og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Bauð sérstaklega velkominn einn af stofnendum LH, Steinþór Gestsson á Hæli.

Formaður minntist látins félaga, Hjalta Pálssonar í nokkrum orðum. Bað hann þingheim að rísa úr sætum og votta Hjalta og öðrum félögum sem látist hafa á árinu, virðingu sína.

Pingforsetar voru kjörnir:

Bragi Ásgeirsson, Fáki og Stefán Pálsson, Fáki.

Ritarar voru kjörnir:

Hulda Gústafsdóttir, aðalritari, - Jóhanna Kristín Claessen

Stefán og Bragi tóku við þingstjórn. Stefán tók til máls og bauð þingfulltrúa velkomna í Fáksheimilið og taldi að þetta sé í fyrsta skipti sem landsþing sé haldið í félagsheimili þess félags sem að þingi stendur. Að auki eru nefndarfundir allir á svæði félagsins, í Reiðhöllinni og á kaffistofum á svæðinu. Síðan var gengið til dagskrár.

Ávörp gesta:

Árni Þór Sigurðsson, forseti borgarstjórnar flutti ávarp og bauð hestamenn velkomna á landsþing í höfuðborginni. Reykjavík er sennilega eina höfuðborgin í heiminum þar sem unnt er að stunda hestamennsku innan borgarmarkanna. Árna fannst það ánægjulegt að þegar Reykjavík var menningarborg Evrópu árið 2000 hafi Landsmót verið haldið á svæðinu. Samskipti á milli Fáks og borgarinnar alltaf verið allnokkur en hófust af alvöru fyrir 6 árum þegar Reykjavíkurborg keypti Reiðhöllina og hafa samskiptin aukist æ síðan. Viðhald svæðisins er samvinnuverkefni borgarinnar og Fáks. Borgarstjóraréið er árlegur viðburður sem allir hlakka til innan borgarstjórnar og Árni Þór reynir helst að missa ekki af henni. Óskaði hann hestamönnum velfarnaðar í störfum sínum og góðs þings.

Ari Teitsson, formaður Bændasamtaka Íslands, lýsti yfir ánægju sinni með að vera staddur hér. Hann þakkaði gott samstarf á síðasta ári, sérstaklega hvað varðar framkvæmd Landsmóts 2002 á Vindheimamelum. Vakti athygli á ólíku sambandi hestamanna sem neytenda við bændur og hins vegar sambandi bænda við neytendur, t.d. kjöts. Samstarfið leggur báðum skyldur á herðar hvað varðar umgengi og vakti Ari athygli á því að margar jarðir eru í eigu hestamanna úti á landi. Vildi hann nefna tvö atriði sem þarf að vinna vel að saman; Hrossaskýli fyrir útigangshross og landnýtingu fyrir hross. Ari óskaði þinginu farsældar og vonaði að samstarfið verði áfram svo gott sem verið hefur.

Ellert B Schram, forseti ÍSÍ óskaði Fáki til hamingju með 80 ára afmælisárið. Hann rakti samvinnu Fáks og Reykjavíkurborgar, sem er bæði löng og góð. Það væri hægt að hrósa báðum fyrir þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað og hófst mun fyrr en Árni Þór Sigurðsson nefndi í sínu ávarpi. Samstarf LH og ÍSÍ hefur gengið vel og fer sífellt vaxandi. Ellert vakti athygli á því að ÍSÍ hefur nú nýlega hækkað hlut LH af lottótekjum, sem nemur um það bil 1 milljón króna á ári, miðað við þær upphæðir sem í gangi hafa verið undanfarið. Hann vonar að það muni um þessar upphæðir í rekstrinum. Flutti kveðjur frá framkvæmdastjóra ÍSÍ og vonaði að þingið takist vel.

Þingforseti las upp kveðjur til þingsins frá Kristni Guðnasyni, formanni Félags hrossabænda.

Félagar heiðraðir:

Jón Albert, formaður LH sæmði þrjá félagsmenn gullmerki LH fyrir vel unnin störf í þágu hestamenskunnar í landinu. Nýir heiðursfélagar eru eftirtaldir;

Sigurbjörn Bárðarson, Fáki var afhent gullmerki á 50 ára afmæli sínu fyrr á árinu.

Birgir Rafn Gunnarsson, Fáki

Jón Bergsson, Freyfaxa

Sigurður Þórhallsson, Fáki.

Birgir, Jón og Sigurður ávörpuðu þingið og þökkðu kærlega fyrir.

Kjörbréfanefnd skilar áliti:

Oddur Hafsteinsson, Andvara tók til máls; Oddur, Helga Claessen Fáki og Sveinbjörn Jónsson Sörla voru í nefndinni.

129 þingfulltrúar höfðu rétt til þingsetu í ár frá 46 hestamannfélögum og bárust kjörbréf fyrir 122 fulltrúa.

Andvari Hannes Hjartarson, Halldór Halldórsson, Kristinn Hugason, Oddur Hafsteinsson, Erling Ó Sigurðsson, Ágúst Hafsteinsson, Sigurður Svavarsson

Blær Guðbjörg Friðjónsdóttir

Dreyri Úrsula Árnadóttir, Sigurður Ólafsson

Faxi Baldur Björnsson, Ingi Bæringsson, Ingimar Sveinsson, Sigurður Ragnarsson

Fákur Snorri B. Ingason, Birgir Rafn Gunnarsson, Gunnar Maggi Árnason, Helga Claessen, Arnar Guðmundsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Sveinn

Feykir	Fjeldsted, Jónas Kristjánsson, Ragnar Petersen, Sigurbjörn
Freyfaxi	Bárðarson, Þorvarður Helgason, Bjarni Finnsson, Snorri Tómasson
Funi	Halldór S. Olgeirsson
Geysir	Sigurður Baldursson, Dagbjört Briem Gísladóttir
	Gunnar Egilsson, Jóna Sigurðardóttir
	Helga Fjóra Guðnadóttir, Svanhildur Guðjónsdóttir, Jón Jónsson,
	Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Hallgrímur Birkisson, Ásta Begga
	Ólafsdóttir
Glaður	Sigurður Jökulsson, Þórður Ingólfsson
Glæsir	Hreinn Júlíusson
Gnýfari	Þorvaldur Hreinsson
Grani	Hrönn Káradóttir
Gustur	Ríkharður F. Jensen, Bjarnleifur Bjarnleifsson, Bjarni Sigurðsson,
	Guðmundur Hagalínsson, Haraldur Guðfinnsson, Oddný Jónsdóttir,
	Þóra Ásgeirsdóttir
Háfeti	Kristján Andrésson
Hending	Marinó Hákonarson
Hornfirðingur	Ingólfur V. Ingvarsson, Kjartan Hreinsson
Hringur	Stefán Friðgeirsson, Þorsteinn H. Stefánsson
Hörður	Rafn Jónsson, Guðni Indriðason, Einar Ragnarsson, Guðný G.
	Ívarsdóttir, Þórhildur Þórhallsdóttir, Guðmundur Jónsson, Marteinn
	Magnússon
Kópur	Guðbrandur Magnússon, Sigurlaugur G. Gíslason
Léttfeti	Magnús B. Magnússon, Skapti Steinbjörnsson, Sveinn Guðmundsson
Léttir	Kjartan Helgason, Hólmgeir Valdimarsson, Erna Jóhannsdóttir,
	Áslaug Kristjánsdóttir, Úlfhildur Sigurðardóttir
Ljúfur	Fanney Valsdóttir, Benedikt G. Benediktsson
Logi	Guðrún Magnúsdóttir, María Þórarinsdóttir
Máni	Sigrún Valdimarsdóttir, Jón B. Ólsen, Margeir Þorgeirsson, Sigurður
	V. Ragnarsson
Neisti	Hjörtur Einarsson, Jón Guðmundsson
Sindri	Elín Einarsdóttir, Andrína Erlingsdóttir
Skuggi	Ámundi Sigurðsson, Þórður B. Bachmann, Halldór Sigurðsson
Sleipnir	Jón S. Gunnarsson, Ari Thorarensen, Margrét Ásgeirsdóttir, Svanhvít
	Kristjánsdóttir, Rut Stefánsdóttir, Ragnheiður Loftsdóttir
Smári	Lúðvík Kaaber, Guðbjörg Jóhannsdóttir, Gestur Þórðarson, Sigfús
	Guðmundsson,
Snæfaxi	Ragnar Már Sigfússon
Snæfellingur	Guðmundur Ólafsson, Ólafur Tryggvason, Hallur Pálsson
Sóti	Anton Kjartansson, Jörundur Jökulsson
Stígandi	Anna Jóhannesdóttir, Björn Sveinsson, Hinrik Már Jónsson
Stormur	Sigþór Gunnarsson
Svaði	Símon Gestsson, Þorvaldur Gestsson
Sörli	Stefanía Sigurðardóttir, Jóhanna S. Sigþórsdóttir, Theódór Kr.
	Ómarsson, Sveinbjörn Jónsson, Vilhjálmur Ólafsson, Elma Cates
Trausti	Bjarni Þorkelsson, Jóhann R. Sveinbjörnsson
Þjálfí	Elsa Albertsdóttir, Haraldur Haraldsson
Þytur	Guðmundur Sigurðsson, Gunnar Þórarinnsson, Sverrir Sigurðsson

Kjör þingnefnda:

Formaður kjörnefndar, Guðmundur Hagalínsson, Gusti, flutti tillögur nefndarinnar um fulltrúa í þingnefndum. Jón B Olsen í Mána og Snorri B Ingason úr Fáki voru einnig í nefndinni.

Fjárhagsnefnd:

Hannes Hjartarsson, Andvara, form.
Anna Jóhannesdóttir, Stíganda
Arnar Guðmundsson, Fáki
Haraldur Guðfinnsson, Gusti
Marteinn Magnússon, Herði

Fræðslu- og útgáfunefnd:

Helga Fjóra Guðnadóttir, Geysi, formaður
Ingimar Sveinsson, Faxe
Sigrún Valdimarsdóttir, Mána
Margrét Ásgeirsdóttir, Sleipni
Þórður B Bachmann, Skugga

Keppnisnefnd:

Einar Ragnarsson, Herði, formaður
Hallur Pálsson, Snæfellingi
Sigurbjörn Bárðarson, Fáki
Sigurður V. Ragnarsson, Mána
Lúðvík Kaaber, Smára

Kynbótanefnd:

Hjörtur Einarsson, Neista, formaður
Guðmundur Sveinsson, Léttfeta
Sigurður Jökulsson, Glaði
Margrét Þorgeirsdóttir, Mána
Baldur Björnsson, Faxe

Allsherjarnefnd:

Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti, formaður
Sveinn Fjelsted, Fáki
Jón S. Gunnarsson, Sleipni
Guðný Ívarsdóttir, Herði
Áslaug Kristjánsdóttir, Létti

Ferða- og umhverfisnefnd:

Jónas Kristjánsson, Fáki, formaður
Halldór Halldórsson, Andvara
Hrönn Káradóttir, Grana
Vilhjálmur Ólafsson, Sörla
Andrína Erlingsdóttir, Sindra

Æskulýðsnefnd:

Oddný Jónsdóttir, Gusti, formaður
Elma Cates, Sörla
Ásta Begga Ólafsdóttir, Geysi
Þorvarður Helgason, Fáki
Sigríður Lárusdóttir, Þyti
Úrsula Árnadóttir, Dreyra

Laganefnd:

Guðmundur Jónsson, Herði, formaður
María Þórarinsdóttir, Loga
Sigfús Guðmundsson, Smára
Kristinn Hugason, Andvara
Símon Gestsson, Svaða

Aðrir þingfulltrúar höfðu frjálst val um hvaða nefnd þeir kusu að starfa í og skráðu sig á mætingalista sem lá frammi hjá formönnum nefndanna.

Skýrsla stjórnar og reikningar:

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH flutti skýrslu stjórnar og vísast til hennar. Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri LH, fór yfir og útskýrði reikninga LH fyrir árið 2001. Hann benti mönnum sérstaklega á liðinn “aðrar tekjur” en þar taldi hann að stór hluti þessara tekna mætti fara undir liðinn “heimsmeistaramót”. Þar er á ferðinni bæði söfnun landsliðsnefndarmanna og annarra sem að málinu hafa komið. Einnig benti hann á að erfitt sé að bókfæra sumt af sjálfsaflafé vegna nefndarstarfa.

Umræður og afgreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga:

Jónas Kristjánsson, Fái þakkaði skýrslu formanns og sagði hana betri en áður. Vildi hann nefna eitt frávik frá þessu; þingskjal 11a sem samþykkt var á síðasta þingi var ekki nefnt. Jónas benti á að ekki megi vísa málum í nefndir til að svæfa þau. Ekki er fjallað um það í skýrslu reiðveganefndar hvernig reiðveganefnd hafi fjallað um þessa ákveðnu ályktun. Hann óskaði eftir svari við því hvernig hafi til tekist með umfjöllun þingskjalsins.

Ingimar Sveinsson, Faxa, þakkaði ágæta skýrslu en fann að því að þingfulltrúar hafi ekki lengri tíma til að velta þessum málum fyrir sér. Vildi hann að skýrslan sé send með öðrum gögnum til þingfulltrúa. Kjörbréfanefnd ætti fyrr að skila tillögum sínum um stjórnarkjör og senda þær með gögnunum en ekki að þær komi fyrst fram á þingi. Að Ingimars mati er of lítil umfjöllun um almenn mál hestamanna LH þingum, of mikið þúður fari í keppnistillögur.

Þórhildur Þórhallsdóttir, formaður Harðar, haldi því að fjárhagsstaðan líti mun betur út en áður og að það hafi tekið stuttan tíma að snúa rekstrinum við. Hún saknaði umfjöllun um ákveðin mál í skýrslu stjórnar. Benti m.a. á þá lagasetningu að í Mosfellsbæ séu í gildi lög sem heimili að taka gjald fyrir hrossahald, þ.e. búfénað. Þórhildur telur að þetta snúist um skilgreiningu búfjár og þann misskilning að hross séu skilgreind sem nytjabúfénaður.

Þórhildur beindi spurningu til LH um hvort þessi lög hafi verið rædd í stjórn LH og hver afstaða hennar sé í þessu máli. Hvort stjórn LH sé kunnugt um samþykktir Mosfellsbæjar og Akureyrar, þar sem þetta er einnig til staðar. Hún telur þessa lagasetningu liggja í því að hestamennska er ekki samþykkt fullkomlega sem íþróttagrein, sem kemur t.d. í ljós þegar þrengt er að hestamönnum á þeirra svæðum út um allt land.

Oddur Hafsteinsson, Andvara, formaður tölvunefndar kom upp og ítrekaði að keppnistölvukerfið kemur í gagnið á næsta ári og öll hross sem taka þátt í keppni á næsta ári þurfa að vera skráð í World Feng.

Guðný Ívarsdóttir, Herði þakkaði góða fjármálastjórn og sýndi á myndrænan hátt stöðuna á fjármálunum LH, líkt og hún gerði árið áður á þinginu á Ísafirði. Guðný var með glærur sem sýndu að reksturinn er að batna. Hún spurði um leigu á Skógarhólum, hvort hún sé ekki of lág og þá hvers vegna? Einnig spurði hún af hverju vefsíðan sé svona dýr? Guðný vill sjá fundargerðir nefnda uppfærðar betur á heimasíðuna svo og fundargerðir stjórnarfundna.

Sigurður Ragnarsson gjaldkeri, skýrði leigu Skógarhóla, þ.e. að leiguaðilinn á samkvæmt samningi að gera heilmiklar endurbætur á Skógarhólum, sem flestar hafa verið framkvæmdar og sé hann með samning til nokkurra ári, þar sem fram komi áætlaðar verkframkvæmdir. Auknar kröfur eru gerðar í dag um brunavarnir, hreinlæti og margt fleira. Vefsíðumálið er erfitt og ekki gott að skýra, LH sat upp með háa reikninga þar sem ekki var samið fyrirfram. Hér eru endurbætur fyrirhugaðar og verkefni næstu stjórnar.

Jón Albert las punkta úr skjali 11a frá 2001, sem Jónas Kristjánsson gerði að umræðu. Margt af því er og hefur verið í vinnslu bæði hjá ferða- og umhverfisnefnd, stjórn LH og í samstarfi við Vegagerðina. Mjög erfitt er að framfylgja t.d. samkomulagi/

viljayfirlýsingu milli LH og Vegagerðarinnar, þar sem þetta eru ekki lög, en á þessum málum er samt alltaf verið að hamra að hálfu LH. Samgöngunefnd alþingis hefur t.d. fengið þessa ályktun og annað hefur verið sent til viðkomandi aðila. Flokkun og skráning reiðvega er þáttur í því að koma málunum til betri vegar og sú vinna er hafinn. Jón benti einnig á að mörg þessi mál verða að vinnast af félögunum sjálfum, í samvinnu við sveitarfélögin á hverjum stað, s.s skipulagsmál og nauðsynlegt að fylgjast með samþykktum heildaskipulögum sveitarfélaganna. Aftur á móti er hægt að leita til reiðveganefndar LH um aðstoð við þessi mál.

Varðandi mál Þórhildar um búfjárhaldið, að þá hefur þetta ekki komið inn á borð hjá stjórn LH.

Skýrslan var áður fyrr send út með öðrum gögnum fyrir þingið og var það gífurlega dýrt, allt þurfti að prenta tvisvar því fólk mætti ekki með gögnin á þing og snýst þetta um fleiri hundrað þúsund krónur í prent-og ljósritunarkostnaði.

Jón vildi skoða að koma fundargerðum nefnda á heimasíðuna.

Jónas Kristjánsson, fann að því hvernig unnið var úr skjalinu og að LH eigi ekki að virka sem pósthús þar sem ályktanir landsþings eru sendar hingað og þangað. Vildi hann meina að til sé skriflegur samningur á milli Vegagerðarinnar og LH um að leggja skuli reiðvegi meðfram öllum malbikuðum vegum og unnt væri að fylgja þeim samningi eftir.

Haraldur Haraldsson, vildi benda á að unnt væri t.d. að senda skýrsluna á tölvutæku formi til formanna og séu þeir ekki með tölvupóstfang myndu búnaðarsamböndin á hverjum stað örugglega vera tilbúin að sjá um að prenta þetta út fyrir félögin.

Þá voru skýrsla stjórnar og reikningar fyrir árið 2001 borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Happdrætti :

Marteinn Magnússon kynnti happdrætti landsliðsnefndar sem er til styrktar landsliði Íslands í hestaþróttum. Allir vinningar í þessu happdrætti eru gefnir og einnig öll vinna við hönnun miðans og prentun.

Fjöldi útgefna miða er 10.000 og heildarverðmæti vinninga er kr. 2.426.600,-. Dregið verður úr öllum miðum og er miðaverð kr. 1.000,-. Dregið 12. maí 2003.

Fyrstu tveir miðarnir voru seldir á staðnum þeim Ellerti B. Schram forseta ÍSÍ og Ara Teitssyni formanni Bændasamtaka Íslands.

Landsmót hestamanna ehf:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson kynnti starfsemi Landsmóts hestamanna ehf og bráðabirgðauppgjör Landsmóts 2002 á Vindheimamelum. Rakti hann stuttlega sögu Landsmóta og forsögu þess að Landsmót hestamanna ehf er stofnað. Fæðingin var erfið og samningar við mótshaldara á Vindheimamelum voru gerðir seint. Ráðning framkvæmdastjóra, Lárusar Dags Pálssonar var gæfuspor. Það var opnuð heimasíða www.landsmot.is og markaðssetning fór á fullt. Þá kynnti Sveinbjörn tölur um Landsmótshaldið. Kynbótahross: 328, ræktunarbú: 156, gæðingar: 360, töltarar: 39, í kappreiðum: 87 og samtals: 970, sennilega 900 þegar allt kemur til alls, því einhver hross komu fram á fleiri en einum stað. Samtals voru á svæðinu 9.088 manns, þar af börn 1.046, á sunnudeginum fyrir mót voru komnir 400 manns á svæðið sem svo jókst

síðan jafnt og þétt. Þetta var án efa eitt af fjölmennustu Landsmótum frá upphafi. En Hella 1994 og þetta mót sennilega þau fjölmennustu. Hversu margir útlendingar voru á staðnum veit enginn nákvæmlega, það hefur ekki verið talið. Fjárhagslega afkoma mótsins skiptir miklu máli og bráðabirgðauppgjör liggur nú fyrir. Heildartekjur voru 67 milljónir króna, þar af 48 milljónir í aðgöngumiðum. Þetta er meiri velta en á undangengum mótum sem flest höfðu um 40 milljón króna veltu. Grófur hagnaður, eftir að gjöld hafa verið greidd í áningarhólfasjóð, ca 9 milljónir. Félagið Landsmót hestamanna ehf greiðir ekki tekjuskatt. Sveinbjörn taldi það nauðsynlegt að vita það fyrir mót hversu mörg kynbótahross verði á svæðinu. Hann vill líka sjá breytingar á úrtöku gæðinga. Sveinbjörn taldi að lokum upp nokkra sem hann þakkar sérstaklega fyrir samstarfið, fyrirtæki og félög.

Tillögur til þingsins lagðar fram og vísað til nefnda:

Þingforseti gerði grein fyrir fundi sem hann átti með formönnum nefnda þingsins og að þeir hefðu komist að samkomulagi um eftirfarandi vísun tillagna til nefnda:

Tillaga á þingskjali nr. 1	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 2	Allsherjarnefndar
Tillaga á þingskjali nr. 3	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 4	Fjárhagsnefndar
Tillaga á þingskjali nr. 5	Fjárhagsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 6	Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 7	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 8	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 9	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 10	Æskulýðsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 11	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 12	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 13	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 14	Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 15	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 16	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 17	Ferða og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 18	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 19	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 20	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 21	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 22	Ferða og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 23	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 24	Keppnisnefnd
Ályktun á þingskjali nr. 25	Ferða og umhverfisnefnd
Ályktun á þingskjali nr. 26	Ferða og umhverfisnefnd

Kaffihlé

Nefndarstörf hefjast

Laugardagur 9. nóvember

Þingforseti, Bragi Ásgeirsson setti fundinn.

Þingforseti las kveðju frá Grími Gíslasyni á Blönduósi. Því næst var gengið til dagskrár; nefndir skila álitum, umræður og afgreiðsla.

Nefndir skila álitum:

Æskulýðsnefnd

Formaður og frummælandi: Oddný Jónsdóttir. Í nefndinni störfuðu 11 manns. Fyrir henni lá þingskjal nr. 10 en einnig lagði nefndin fram nýtt þingskjal nr. 27.

Þingskjal nr. 10

Tillagan fjallar um aldursflokkaskiptingu í barna og unglingaflokkum. Að þeirra mati liggur það hjá foreldrum að meta hvort börnin hafa þroska til að keppa á stórmótum og getur það haft letjandi áhrif á börnin, megi þau ekki keppa. Nefndin leggur til að þingskjal nr. 10 verði felld. Oddný greindi frá því að nefndinni hafi þótt slæmt að ekki var neinn frá Herði, flytjanda tillögunnar, starfandi með nefndinni til að fylgja henni eftir.

Einar Ragnarsson, Herði kom upp og greindi frá því að allir Harðarmenn hafi starfað í nefndum og þess vegna ekki getað komið í æskulýðsnefnd. Einar sagði að ástæðan fyrir því að þeir vilji lengja ungmennaflokkinn sé að brottfallið er mikið og því sé dýrmætt að þau fái að keppa lengur, hvort við annað. Einnig er að hefjast á heimsmeistaramótum keppni fyrir ungmenni og því mikilvægt að halda samhengi við þau.

Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti er sammála niðurstöðu æskulýðsnefndar. Finnst þetta vera forræðishyggja og vill að tillagan verði felld.

Þingskjal nr. 10 borið undir atkvæði og tillagan felld með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal nr. 27

Æskulýðsnefnd lagði fram ályktun á þingskjali nr 27. Þingið spurt um hvort bera megi ályktun upp og var það samþykkt. Fjallar ályktunin um það að helga árið 2003 æskulýðsmálum.

Þingið samþykkti að beina þessari ályktun til stjórnar.

Oddný sagði frá því að þau hafi einnig rætt þingskjöl 15 og 19. Nefndin var fylgjandi þingskjali nr. 15 sem fjallar um vægi einkunna fyrir ásetu og stjórnun. Einnig minntist hún á Æskuna og hestinn. Sótt hefur verið um styrk til ÍSÍ til að útbúa hugmyndabanka fyrir æskulýðsstaf og er það von þeirra að það takist og hægt verði að opna “bankann” á næsta ári.

Ferða- og umhverfisnefnd

Formaður og frummælandi: Jónas Kristjánsson, Fái. Í nefndinni störfuðu 14 manns. Fyrir nefndinni lágu þingskjöl númer 17 og 22 en einnig lagði nefndin fram þingskjal nr. 25. Eftir miklar umræður í nefndinni var þingskjali nr. 22 breytt í þingskjal nr. 22a og lagt fyrir þingið.

Þingskjal nr. 17

Nefndin lagði til að þingskjal nr. 17 verði samþykkt óbreytt. Þingskjalið fjallar um umferð vélhjóla á reiðgötum.

Haraldur Haraldsson, Þjálfar sagði þetta þjóðþrifamál en benti á að til þess að við höfum einhverja réttarstöðu í málinu þurfum við að merkja reiðvegi greinilega.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson velti því fyrir sér um hvað stjórn LH eigi að ræða við vélhjólamenn.

Jónas Kristjánsson benti á að það geti haft áhrif að stjórn LH ræði við viðkomandi samtök.

Kristinn Hugason, Andvara sagði það þekkt í kerfinu að yfirstjórn greinar geti haft áhrif í svona málum. Hann var ekki sammála því að öll svona mál eigi að vinnast heima í héraði, stjórn geti og eigi að beita sér, félögunum til aðstoðar.

Gunnar Maggi Árnason, Fái benti á að allur akstur utan vega sé bannaður.

Þingskjal 17 borið til atkvæða og samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal nr. 22a

Þingskjal nr. 22a borið upp. Það er þingskjal nr. 22 með örlitlum breytingum sem fjallaði um að veita stjórn LH heimild til að endurúthluta reiðvegafé sem er ekki nýtt innan eðlilegra tímamarka frá úthlutun. Í þingskjali nr. 22a er tímabil skilgreint betur. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að félög framkvæmi ekki strax fyrir úthlutað reiðvegafé. Lítil félög safni úthlutun nokkurra ára upp til þess að það borgi sig betur að hefja framkvæmdir þar sem t.d. sé dýrt að fá vinnuvélar á staðinn og hefja framkvæmdir sem ekki er hægt að ljúka vegna fjárskorts.

Þingskjal 22a borið til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 25

Þingskjalið er endurupptekið frá ársþingi LH 2001 og var nr. 11a. Er það í heild sinni í greinargerð með þingskjali nr. 25. Nefndin lagði til að skjalið verði samþykkt.

Jón Albert vildi ekki að borgaryfirvöld séu tilgreind sérstaklega heldur falli þau undir “sveitarstjórnir” í þingskjalinu.

Sigríður Sigþórsdóttir fannst þingskjalið vera gott plagg og ábending til þeirra sem að þessum málum vinna. Hún skýrði af hverju þessa skjals hafi ekki verið getið í skýrslu reiðveganefndar og benti á að þetta skjal sé eiginlega skipurit eða stefna og séu öll

Þessi mál í vinnslu innan nefndarinnar. Sigríður benti einnig á að unnið sé að því að fá reiðvegi inn í vegaáætlun en málið strandi á peningum. Vegagerðin getur ekki framkvæmt neitt nema það sé á skipulagi frá sveitarstjórnunum. Handbók/vinnuplagg er í vinnslu varðandi gerð reiðvega og það komið langt í vinnslu.

Jónas Kristjánsson benti á að þingskjal 11a hafi verið samin af Sigríði og Jónasi á þeim tíma og ekki sé unnt að breyta því skjali þar sem það var samþykkt á síðasta þingi.

Vilhjálmur Ólafsson talaði um að tillaga Jóns Alberts um að breyta borgarstjórn í sveitarstjórnir komi ári of seint en bendir á að þessu hafi verið bætt inn að beiðni Fáks.

Kristinn Hugason sagði að ábending Jóns Alberts eigi rétt á sér þar sem vinna hafi átt sér stað síðan sem gengur enn lengra en sum atriði ályktunarinnar.

Marínó Hákonarson bendir á að Sigríður hafi komið að kjarna málsins og að skipulagsþátturinn sé fyrst og fremst hjá sveitarfélögunum. Hann vildi vekja athygli þingheims á að Ísland á að vera að fullu aðalskipulagt árið 2005 og að við þurfum að halda vel vöku okkar, sérstaklega fólk í dreifbýlinu og vonar að menn skoði þetta mál, hver í sínu sveitarfélagi.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson leggur til að þingskjali 25 verði vísað frá.

Frávísunartillaga borin upp. Samþykkir frávísun: 60. Á móti frávísun: 53.

Þingskjali nr. 25 vísað frá

Fræðslu- og útgáfunefnd

Formaður og frummælandi: Helga Fjóla Guðnadóttir, Geysi. Í nefndinni störfuðu 6 manns. Fyrir henni lágu engin þingskjöl en frá henni kom ályktun á þingskjali nr. 26 og var borið upp hvort það skjal mætti leggja fyrir þingið. Samþykkt.

Helga Fjóla vill að gert verði mögulegt að ræða fleiri mál á landsþingum heldur en nánast eingöngu keppnisreglur, s.s. um starfsemi LH, þó ekki sé annað en að fá fram vilja og skoðun félagsmanna á málefnum þess. Stór hópur fólks á þinginu vill ekki eyða svona miklum tíma í umræðu um keppnismál, að stærsti hluti félaga í hestamannafélögunum sé ekki atvinnufólk.

Tölvumálin voru einnig til umræðu í nefndinni og vildi hún ítreka að flýtt verði eins og mögulegt er að taka í notkun tölvukerfi fyrir mótahald.

Þingskjal nr. 26

Fjallar um að aðildarfélögum verði aðeins send tilkynning með löglegum fyrirvara um að þingtillögur, skýrslur stjórnar og nefnda og ársreikningar séu komin á heimasíðu LH. Formenn hestamannafélaganna eru ábyrgir fyrir því að þingfulltrúum verði kynnt efnið.

Jón Albert kom með breytingartillögu á þingskjal nr. 26. Honum fannst ekki rétt að setja reikningar LH á heimasíðu þar sem allir geta skoðað þá áður en þeir eru

samþykktir. Að öðru leyti fannst honum ekkert að því að setja aðra þatti á heimasíðuna.

Ari Thorarensen skýrði að hugmyndin hafi kannski verið sú að setja þetta ekki á heimasíðuna heldur senda á tölvupósti á félögin.

Helga Fjólá samþykk því að reikningarnir fari ekki inn á netið. Henni fannst betra að hafa þetta á heimasíðunni, þar sem ekki allir eru með pósthöfn.

Bragi Ásgeirsson las upp breytingartillögu Jóns Alberts þar sem “og ársreikningar” er felld út.

Sigurður Ragnarsson benti á að ef til vill sé ekki vandað nóg til þessara tillagna og að á eftir komi tillögur frá Laganefnd sem snúi að því að breyta hlutum sem að þessu snúa. Hann benti einnig á að það sé ekkert sem banni fólki að ræða annað en keppnismál á þingum en flestar tillögurnar snúist þrátt fyrir allt um þau.

Ingimar Sveinsson lagði áherslu á að liðnum “önnur mál” sé ætlaður stuttur tími og að nauðsynlegt sé gefa tíma í önnur mál en fasta dagskrárliði.

Marínó Hákonarson vildi ekki meina að pappírskostnaðurinn sé svona mikill, það sé ekkert sem banni að þetta sé gert svona og leggur til að þessu skjali verði vísað frá.

Samþykkt að vísa þingskjali 26 frá.

Fjárhagsnefnd

Formaður og frummælandi: Hannes Hjartarson. Í nefndinni störfuðu 7 manns. Nefndin hafði þingskjöl númer 4 og 5 til umfjöllunar. Gerði hún breytingar á báðum þingskjölunum og lagði þau fram sem þingskjöl nr. 4a og 5a.

Þingskjal nr. 4a

Tillagan kom frá stjórn LH um að hækka árgjöldin í kr. 1.650,-. Nefndin lagði til að hækkunin yrði kr. 150,- og árgjöld til LH því kr. 1.500,- á félagsmenn hestamannafélaganna 17 – 69 ára.

Þingskjal nr. 4a samþykkt með yfir gnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal nr. 5a

Til samræmis var lögð fram breytingartillaga við þingskjal 5 þar sem tekjuliðurinn breytist í samræmi við samþykktu tillögu 4a. Nefndin lagði til að þetta skjal verði samþykkt.

Ari Thorarensen benti á að ekki sé gert ráð fyrir hækkuðum launum samkvæmt kjarasamningum.

Þingskjal 5a borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Kynbótanefnd

Frummælandi: Baldur Björnsson. Fyrir nefndinni lágu engar tillögur en hún lagði fram nýtt þingskjal nr. 28 til samþykktar.

Þingskjal nr. 28

Tillagan gengur út á það beina því til Bændasamtaka Íslands að endurskoða sýningahald kynbótahrossa á landsmótum með það að markmiði að gera sýninguna markvissari og áhorfendavænni.

Þingskjal 28 borið undir þingheim og samþykkt samhljóða.

Laganefnd.

Formaður og frummælandi: Guðmundur Jónsson. Nefndin hafði tvö þingskjöl til umfjöllunar, þingskjöl 6 og 14. Hún gerði breytingar á þingskjali nr. 6 og var það lagt fram sem þingskjal nr. 6a.

Þingskjal nr. 14

Fjallar um að bæta tveimur greinum inn í lög LH, á undan 3. kafla um fjármál. Annars vegar kafla um keppnisnefnd LH og hins vegar starsvið keppnisnefndar. Nefndin leggur til að þingskjal 14 verði fellt

Guðni Indriðason, Herði sagði að engar breytingar verði gerðar á keppnisreglum nema annað hvert ár samkvæmt nýjum lögum LH. Með þessum nýju köflum er hins vegar möguleiki að gera nauðsynlegar breytingar árlega og einnig er þetta liður í að fara með alla umræðu um keppnisreglur út af þinginu.

Samþykkt með yfir gnæfandi meirihluta atkvæða að fella þingskjal 14.

Þingskjal nr. 6a

Ný lög LH. Guðmundur rakti þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum LH. Bendir á að misritast hafi í lið 4.4 að boða skal til þings með minnst 8 vikna fyrirvara, á að vera 12 vikna. Hann fer einnig yfir viðauka I við lögin, þingsköp. Nefndin gerði smávægilegar breytingar.

Bragi Ásgeirsson fékk leyfi þingsins til að lesa upp þær greinar í lögunum sem hefur verið breytt og lagði til að yrðu til umræðu og afgreiðslu í einu lagi.

Ingimar Sveinsson kom með breytingartillögu við grein 11.2. í lögunum um Kjörnefnd. Bæta þar við “og skulu tillögur kjörnefndar sendar aðildarfélögum fyrir hvert þing þar sem öll stjórn sé nú kosin í einu lagi”.

Birgir Rafn Gunnarsson spurði hvort formannafundur eigi að samþykkja reikninga eða hvort það skuli gert annað hvert ár.

Jón Albert tók undir orð Ingimars um að kynna niðurstöðu kjörnefndar fyrr. Hann svaraði Birgi því að ekki sé hægt að samþykkja reikninga nema á landsþingi. Formannafundur hafi ekki stjórnskipunargildi.

Kristinn Hugason taldi vankanta á breytingartillögu Ingimars. Það sé ekki hægt ákveða slíkt löngu fyrirfram. Kristinn lagði til að þingskjalið verði samþykkt eins og laganefnd leggur það til.

Ari Thorarensen tók undir orð Kristins.

Ingimar Sveinsson bætti við að í lögunum standi að kjörnefnd eigi að gera tilnefningar og þess vegna standi ekkert því í vegi að kynna þær með fyrirvara. Ekkert sé því til fyrirstöðu að tillögu komi fram á þingi líka.

Kristinn Hugason sagði reginmun hvort leitað sé samþykkis á þingstað eða með fyrirvara sem gæti leitt til leiðinda.

Guðmundur Jónsson benti á varðandi reikningsskilin grein 6.1.5 í lögum LH. Þar komi fram hvernig bera skuli upp reikninga og formannafundur hafi ekkert um það að segja. Taldi tillögu Ingimars heilmikið mál og hafa ýmsa annmarkar í framkvæmd.

Einar Ragnarsson Kom með þá athugasemd að í 6. gr. 1.mgr. 5lið, þurfi að breyta ársþing í landsþing. Sama gildir ef það kemur fram á fleiri stöðum. Bragi vísar því til laganefndar að leiðrétta ársþing í landsþing.

Breytingartillaga Ingimars felld með meirihluta atkvæða.

Þingskjal nr 6a. Lögin í heild sinni ásamt viðauka I allt á þingskjali 6a borið undir atkvæðagreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Formaður og frummælandi: Þóra Ásgeirsdóttir. Alls tóku 14 manns þátt í störfum nefndarinnar. Níu tillögur lágu fyrir nefndinni, þingskjöl númer 1, 2, 7, 8, 13, 15, 16, 20 og 21. Nefndin gerði breytingar á þingskjölum nr. 2 og 20 og leggur fram sem þingskjöl nr. 2a og 20a.

Þingskjal 1

Umræða varð nokkur í nefndinni um kosti og galla þess að halda Íslandsmót saman annars vegar og í tvennu lagi hinsvegar en tillagan gengur út á það að stjórn LH hafi heimild til að leyfa það að halda mótin saman ef svo stendur á. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og vill hnykkja á því að vegur barna, unglinga og ungmenna verði sem mestur á Íslandsmótum.

Sigurður Ragnarsson sagði að hugmyndin með því að skipta þessu upp hafi verið að gera mótin áhorfendavænni. Slæmt sé að halda barna og fullorðinsmótin saman, það komi niður á börnum og unglingum. Undanþágan verði til að ýta undir það að halda mótin saman. Stjórnin geti frekar óskað eftir því ef engin kostur er á öðru.

Jón Albert sagði að hér væri aðeins um algera undanþágu að ræða.

Einar Ragnarsson tók undir með Sigurði Ragnarssyni. Hann geri ekki athugasemd við að þetta sé heimildarákvæði í lögum en mælir með því að mótin séu haldin aðskilin.

Vilhjálmur Ólafsson, tók undir með Sigurði Ragnarssyni og vill hafna undanþágunni.

Gunnar Maggi Árnason sagði erfitt að fá mannskap til að halda barna- og unglingamót. Hann mælti með því heimildin verði sett inn.

Sigurður Ragnarsson lagði til orðalagsbreytingu/viðauka á tillögunni þess efnis að; “sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi”.

Þingskjal nr. 1 borið undir atkvæði með fyrrgreindum viðauka frá Sigurði Ragnarssyni. Samþykkt með yfir gnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal nr. 2a

Mikil umræða varð um þetta þingskjal í allsherjarnefnd sem er ný reglugerð fyrir undirbúning og framkvæmd landsmóta. Var nefndin sammála um að tryggja þyrfti að LH væri ekki að framselja það vald sem það hefur til þess að velja aðila til að halda mótin og að ábyrgðin hvíli alltaf á LH. Allsherjarnefnd leggur til að þingskjal nr. 2 verði samþykkt með neðangreindum athugasemdum:

Að liður 3 hljóði svo: “Stjórn LH skal hafa forgöngu og tilsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórn LH skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri mótanna og í samráði við þann aðila sjá um að mótssvæði séu undirbúin og uppfylli kröfur um boðlega aðstöðu samkvæmt reglum/staðli mannvirkjanefndar LH. Endanleg ábyrgð á rekstri landsmóta er ávallt í höndum stjórnar LH og skal hún hafa eftirlit með þeim rekstraraðila sem mótið heldur hverju sinni.”

Þóra benti á misritun í 5 grein reglugerðarinnar “Þó skal stjórnun...” á að vera “Þó skal stjórnun.....”. Allsherjarnefnd leggur til að þingskjal 2a verði samþykkt.

Páll Dagbjartsson kom að gerð upphaflega þingskjalsins nr. 2 og útskýrði hugsunina að baki og gerir athugasemdir við breytingartillögur allsherjarnefndar.

Einar Ragnarsson ósáttur við síðustu setningarnar, þar bindi of hendur þess sem eiga að sjá um landsmót. Í 5. tl. Vill hann láta bæta inn “í sínum aldursflokki.” Svo ekki sé tekinn af þeim rétturinn til að keppa í A- og B- flokki. Einar varaði við því að samþykkja reglugerð sem vitnar í aðra reglugerð sem ekki er til (mannvirki).

Kristinn Hugason gerði athugasemdir við störf þingsins deginum áður. Engar umræður urðu eftir framsögu um landsmót og saknaði hann þess. Í reglugerðinni um landsmót, lið 2 – er ófær klausa; “Endanleg ábyrgð á rekstri landsmóta er ávallt í höndum stjórnar LH og skal hún hafa eftirlit með þeim rekstraraðila sem mótið heldur hverju sinni.” Stofnað var einkahlutafélög einmitt í þeim tilgangi að firra LH tjóni ef illa fer. Tekur undir orð Páls Dagbjartssonar. Einnig Einars um rétt barna og unglinga til keppni í A- og B- flokki. Gæti misskilist eins og það stendur núna. Sem íhaldsmaður skilur hann ekki orðalagið “félagslegt réttlæti”.

Þóra Ásgeirsdóttir, hélt að reglur mannvirkjanefndar væru til skv. upplýsingum frá formanni LH. Henni fannst athugasemd Einars Ragnarssonar góð, ekki ætlunin að breyta núverandi fyrirkomulagi í barna og unglingaflokki.

Bjarni Þorkelsson gerði athugasemd við orðalag 2. gr. reglnanna “boðleg aðstaða”, það dugi ekki á landsmóti.

Páll Dagbjartsson Skýrði orðalagið “yfirsýn á félagslegt réttlæti”. Það sé ekki eingöngu lögmál markaðarins sem ráði vali á landsmótsstað. Tekur undir orð Bjarna um “boðlega aðstöðu”. Páll lagði til að upphaflega tillagan á þingskjali nr. 2 verði borin með breytingu í 6. gr., að þar verði sett “áningarhólfasjóð LH” í stað “styrkir reiðvegagerð”.

Rafn Jónsson sagði að ekki var talið nauðsynlegt í allsherjarnefnd að fjalla sérstaklega um 5. gr. Aftur á móti hafi orðalag 2. gr. verið ansi loðið og teygjanlegt. Taldi nefndin nauðsynlegt hnykkja betur á hvar ábyrgð á landsmóti liggi. “Boðleg aðstaða” of huglægt að hans mati. Rafn varpaði því fram að mannvirkjanefnd setji sér vinnureglur og staðal til að vinna eftir og setji sér hærri staðal en boðlegt.

Ásgeir Margeirsson, formaður mannvirkjanefndar lagði áherslu á að þau gögn sem í grunninn liggi við úttekt séu til og að unnið sé út frá þeim en ekki huglægu mati mannvirkjanefndar.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson fannst orðið fullnægjandi betra en boðlegt. Einnig að í 2. gr. um endanlega ábyrgð. Því ætti að kippa út

Bragi Ásgeirsson las upp breytingartillögur við þingskjal nr. 2a, sem verður þá þingskjal nr. 2b: 1) 2. gr. í þingskjali nr. 2b verði að upphaflegu 2. gr. með orðalagsbreytingu, þ.e. að boðleg verði fyrirmyndar 2) við 5. gr. bætist (feitletrað) í setninguna; “Ekki er barni, unglingi eða ungmenni heimilt að mæta með fleiri en eitt hross til úrtöku á landsmóti í **sínum aldursflokki**. 3) 6. gr. í stað sjóð sem styrkir reiðvegagerð komi “áningarsjóð LH”.

Þingskjal nr. 2b borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt með áorðnum breytingum.

- Matarhlé -

Ávarp:

Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich ávarpaði þingið eftir matarhlé. Talaði hann um að stofnun Fáks hafi verið fyrsta skref í skipulögðu starfi hestamanna og óskaði Fákni til hamingju með afmælið. Hestamannafélögin standa vörð um hefð reiðmennskunnar á Íslandi.

Allsherjarnefnd, framhald

Þingskjal nr. 7

Tillagan fjallaði um að falla frá kröfu um að einungis landsdómarar megi dæma á lands- og fjórðungsmótum. Dómaranefnd LH verði heimilað að velja reynslu mestu dómara sem hafa dómara réttindi LH.

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði felld og skorar jafnframt á gæðingadómarafélagið að sinna betur menntunarmálum dómara, bæði til að fjölga landsdómurum og einnig til þess að núverandi landsdómurum sé skylt að viðhalda þekkingu sinni.

Sigurbjörn Bárðarson sagðist vona að endurmenntun dómara batni. Lagði fram þingskjal 7a sem breytingartillögu.

Sigurður V Ragnarsson vildi koma með breytingartillögu á þingskjali 7a, að í stað þular komi “þulir og stjórnendur”.

Fundarstjóri lagði til að orðalagið verði bætt og frekari umræðum um þingskjalið verði frestað þangað til það liggi fyrir.

Þingskjal nr. 8

Fjallar um að mótshöldurum landsmóta sé heimilt að fram fari B-úrslit í öllum flokkum gæðingakeppninnar, þ.e. hestar sem lenda í 8. til 15. sæti eftir forkeppni. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 8 borið til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 13

Fjallar um að fela stjórn LH að láta þýða FIPO reglur á íslensku og birta þær til kynningar fyrir næsta keppnistímabil (apríl). Skiptar skoðanir voru í nefndinni um þessa tillögu en leggur samt til að hún verði samþykkt.

Þingskjal nr. 13 borið til atkvæða og samþykkt með einu mótatkvæði.

Þingskjal nr. 15

Fjallar um að heimila fötluðum keppendum að hafa aðstoðarmann (1 eða 2) við keppnisvöll. Nefndin hafði áhyggjur af því að þetta yrði á kostnað þeirra sem ófatlaðir eru og gæti það haft truflandi áhrif. Nefndin taldi að tillagan veiti yfirdómara of mikið vald og mælir með því að vísa henni í nefnd þar sem nákvæmar tillögur að leyfilegum ráðstöfunum yrðu gerðar.

Samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur að vísa þingskjali nr. 15 í millipinganefnd.

Þingskjal nr. 16

Fjallar um breytingu á reglugerð um gæðingakeppni og íþróttakeppni, varðandi dómara og dómstörf, að á innanfélagsmótum og minni mótum sé heimilt að tveir dómarar dæmi og skulu þeir þá dæma saman.

Um þessa tillögu voru skiptar skoðanir í allsherjarnefnd. Minni félögin töluðu fyrir henni og byggðu á því hversu dýrt væri að halda mótin. Á móti komu fram rök fyrir því að þetta drægi úr fagmennsku. Niðurstaða nefndarinnar var sú að nefndin lagði til að tillagan yrði felld, tæplega þó.

Gunnar Egilsson lagði til að hún yrði samþykkt vegna kostnaðar fyrir minni félögin og vill meina að dómarnir séu síst verri, þótt þeir séu færri.

Sigbór Gunnarsson, Stormi tekur undir orð Gunnars en vildi alveg eins fella það út að gera mætti þetta í íþróttakeppni einnig.

Gunnar Þórarinnsson gerði grein fyrir ástæðu þess að Þytur lagði fram þessa tillögu. Þetta hafi verið prófað og gefist vel og vildi hann því gera þau mót lögleg þar. Benti hann á að kynbótadómarar dæmi saman. Gunnar skoraði á þingheim að samþykkja tillöguna.

Jón Albert lýsti yfir stuðningi við þessa tillögu, það væri erfitt fyrir litlu félögin að manna sín mót.

Einar Ragnarsson ítrekaði það sem Þóra sagði og að tillagan standist ekki þær kröfur sem við gerum til okkar mótahalds.

Helgi Helgason, formaður gæðingadómarafélagsins taldi að þetta kæmi niður á fagmennsku. Benti litlu félögunum á að halda frekar mót með öðrum félögum og deila þannig kostnaðinum.

Ari Thorarensen sagði að félögin á Suðurlandi hafi gert þetta án þess að spyrja og vill meina að tillagan sé óþörf.

Kristinn Hugason vildi meina að umræðan blandi saman ólíkum hlutum. Hægt er að halda svona mót eins og hver vill, þarf ekki að setja inn í reglur.

Gunnar Egilsson hélt að þetta myndi rúlla í gegn án mikillar umræðu, vill að þetta verði samþykkt.

Erling Sigurðsson benti á að hægt sé að halda mót eins og hverjum dettur í hug, ekki þurfi lagaákvæði til.

Þingskjal nr. 16 fellt með 57 atkvæðum gegn 30.

Þingskjal nr. 20a

Ályktun til stjórnar LH um að allir knapar í verðlaunasætum á Landsmóti og Íslandsmóti fái verðlaunagrip. Varð um þetta mikil umræða vegna þess að á Vindheimamelum fengu ekki allir 8 í úrslitum bikar, einungis 5 efstu. Eftir umræður í nefndinni var ákveðið að leggja fram skjal 20a.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson lýsti sig ósammála þessari ályktun og vill að þessi ákvörðun sé í hendi mótshaldara. Leggur til að tillögunni verði vísað frá.

Þingskjali nr. 20a vísað frá

Þingskjal nr. 21

Ályktun til LH um að láta hanna verðlaunapeninga fyrir Íslandsmót Allsherjarnefnd ræddi mikið um þetta og vill beina því til Íslandsmótshaldara að kynna sér þessi mál og vill meina að til sé uppláttur(stans) að verðlaunapeningi hjá félögunum á Suðurlandi sem héldu Íslandsmót 1999.

Samþykkt að afgreiða þingskjal nr. 21 með þessum hætti.

Þingskjal nr. 7a, framhald

Breytingarnar eru þar sem stóð “þulur” komi “þulur/stjórnendur”.

Helgi Helgason benti á að á almennum mótum sé heimilt að þulir séu ekki með dómararéttindi.

Sigurbjörn Bárðarson sagði að einungis sé verið að tala um að reynslumestu þulina.

Þingskjal nr. 7a samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.

Keppnisnefnd

Formaður og frummælandi: Einar Ragnarsson. Í keppnisnefnd störfuðu 25 manns. Nefndin fékk 8 þingskjöl til umfjöllunar. Þingskjöl nr. 3, 9, 11, 12, 18, 19, 23 og 24. Gerði breytingu á þingskjölum 3 og 19 og leggur fram sem þingskjöl 3a og 19a.

Þingskjal nr. 3a

Tillagan fjallar um að einfalda keppni og afnema einkunnaupplestur í úrslitum í gæðingakeppni en sýna sætisröðun í staðinn. Varð mikil umræða um þetta í nefndinni og sýndist sitt hverjum. Tillaga 3a var samþykkt með meginþorra atkvæða nefndarmanna og leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt til reynslu til tveggja ára.

Þóra Ásgeirsdóttir sagðist vænta þess að allir væru sammála um að talnalesturinn sé óþolandi. Ein leiðin er að breyta, hin leiðin er að taka tæknina í okkar þjónustu. Þóra lagði til að tillagan verði felld og menn horfi fram á við og noti tæknina til að skýra hlutina.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson sammála því að nota tæknina en spyr Einar hvað þetta þýði mikinn tímasparnað á landsmótum?

Einar Ragnarsson svaraði því til að þetta spari allan einkunnaupplesturinn, hann fari úr því að lesa upp 240 tölum í að lesa 40 tölur.

Erling Sigurðsson benti á þann gífurlega tíma sem fór í þetta á síðasta landsmóti og vildi að við hugsum um áhorfendur í þessu sambandi. Hann lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Þóra Ásgeirsdóttir rifjaði upp af hverju við hættum með sætaröðunina, þ.e. að einn dómari geti tekið völdin þar sem munurinn sé hlutfallslega mikill á milli sæta. Tímasparnaðurinn er mikilvægur en hestarnir þurfa líka að pústa.

Oddný Jónsdóttir fannst afturför í að taka upp sætaröðun. Lagði til að tillagan yrði felld.

Sigurbjörn Bárðarson var í millipinganefndinni sem kom með þessa tillögu og skýrði að áfram verði dæmt á sama hátt og áður og að sætaröðunin verði gerð á grundvelli talnanna.

Einar Ragnarsson ítrekaði að ekki væri verið að breyta dómreglum heldur einungis birtingarforminu. Sagði að sér fyndist það ábyrgðarlaust að ætla að fella þingskjalið.

Baldur Björnsson benti á að hægt væri að gefa aðaleinkunn í stað röðunar.

Oddur Hafsteinsson vildi ítreka að þetta geti valdið rangri endanlegri röð að röðunin sé sett upp á annan skala, þ.e. þegar einkunn er breytt í sætisaröðun.

Þingskjal nr. 3a samþykkt með miklum meirihluta (69 með, 7 á móti).

Þingskjal nr. 9

Þingskjal númer 9 var dregið til baka þar sem þingskjal 24 gengur lengra.

Þingskjal nr. 11

Nefndin leggur til að þessi tillaga verði felld en það var samþykkt naumlega innan nefndarinnar.

Þingskjal nr. 11 felld með meirihluta, 9 á móti.

Þingskjal nr. 12 var dregið til baka af flytjendum.

Þingskjal nr. 18

Fjallar um eftirfarandi breytingu á 6. grein í almennum lögum LH; “Með skeifum sem eru 8 x 20 mm (**10% frávík leyfileg, þó má skeifa fara í 23 mm við fjaðragöt án frávika**) og þar undir o.s.frv.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 18 samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 19a

Nefndin samdi nýja ályktun upp úr ályktun frá hestamannafélaginu Andvara og leggur fram sem þingskjal nr. 19a. Fjallar hún um að stjórn LH skipi nefnd til að endurskoða reglur um keppni í barnaflokki á lands- og fjórðungsmótum. Nefndin skal skila frá sér mótuðum tillögum til stjórnar LH fyrir 15. apríl 2003

Pingskjal nr. 19a samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 23

Fjallar um breytingu í reglugerð um gæðingaskeið, að setja hestinn á kröftugt en spennulaust stökk strax í trektaropi. Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Pingskjal nr. 23 samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 24

Fjallar um að taka upp alþjóðlegar tímaviðmiðanir við einkunnaútreikning í kappreiðaskeiði og gæðingaskeiði. Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Pingskjal nr. 24 samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kynnti að ekki sé unnt að fara með tvö atkvæði, skv. þingsköpum (“þar sem ekki sé um langan veg að fara”) og því sé ekki unnt að verða við ósk Fáksmanna um framsal atkvæðis, þ.e. að einn Fákismaður fari með atkvæði Fáksmanns ásamt sínu eigin.

Kosningar.

Guðmundur Hagalínsson formaður kjörnefndar kynnti og gerði grein fyrir því að í fyrsta skipti er kostið eftir nýjum lögum LH.

STJÓRN LH:

- a. **Formaður LH til tveggja ára.** Tillaga kjörnefndar; Jón Albert Sigurbjörnsson, Fáki og var hann kosinn með lófataki. Fundurinn veitir leyfi til að kosning hans fari þannig fram en ekki skriflega þar sem ekki var um mótframboð að ræða..
- b. **Varaformaður LH til tveggja ára.** Tillaga kjörnefndar; Haraldur Þórarinnsson, Sleipni. Lýst var eftir öðrum tillögum en þær bárust ekki. Fundurinn veitti leyfi til að kosning hans færi fram með lófataki en ekki skriflega þar sem ekki var um mótframboð að ræða.
- c. **Fimm meðstjórnendur til tveggja ára.** Kjörnefnd stillti þannig upp: Sigfús Helgason Létti, Sigurður Ævarsson Sörla, Sigurður Steinþórsson Smára, Sigurður Sveinbjörnsson Blæ, Guðný Ívarsdóttir Herði.

Páll Dagbjartsson stakk upp á **Hirti Einarssyni** úr hestamannafélaginu Neista.

Ingimar Sveinsson benti á að gott hefði verið ef menn vissu fyrirfram hverjir væru í framboði. Gerði hann athugasemd við að of fáar konur væru í framboði og vill að félagar fái að vita fyrirfram hverjir verði í framboði.

Stungið var upp á **Marteini Valdimarssyni** úr hestamannafélaginu Skugga.

Kosning fór fram skriflega. Á meðan talning fór fram var dagskrá fram haldið.

Ákvörðun á Íslandsmótsstað.

Íslandsmót barna og unglinga og ungmenna 2003. Fram kom umsókn frá hestamannafélaginu Herði. Einar Ragnarsson talaði fyrir umsókninni.

Umsókn um Íslandsmót fullorðinna 2005 kom frá hestamannafélaginu Andvara. Sveinn Skúlason talaði í fyrir henni. Sagði m.a. að þeir væru að byggja nýjan völl og taka í notkun reiðskemmu. Andvari verður 35 ára árið 2005.

Umsókn frá Hestamannafélaginu Mána um Íslandsmót fullorðinna 2005 og barna og unglingamót 2003 eða 2004. Sigurður V. Ragnarsson talaði fyrir þeim. Sagði m.a. að Mánamen hafi ekki haldið Íslandsmót síðan 1981. Þar er komin nýr völlur.

Haldinn var stuttur fundur allra umsóknaraðila og komust menn að niðurstöðu án þess að til kosninga kæmi:

Íslandsmót fullorðinna árið 2003

heldur hestamannafélagið Sleipnir á Selfossi.

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2003

heldur hestamannafélagið Hörður í Mosfellsbæ.

Íslandsmót fullorðinna árið 2004

heldur hestamannafélagið Máni í Keflavík

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2004

heldur hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði

Íslandsmót fullorðinna árið 2005

heldur hestamannafélagið Andvari í Garðabæ

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2005

heldur hestamannafélagið Máni í Keflavík

Afhending Æskulýðsbikars.

Æskulýðsbikar LH er veittur því félagi sem sýnir frumkvæði og djörfung í æskulýðsmálum. Að mati stjórnar og æskulýðsnefndar LH er æskulýðsstarf hestamannafélagsins Smára í miklum blóma og þar hefur verið unnið öttulega að því að virkja sem flesta í leik og starfi. Fjöldi barna og unglinga tekur þátt í reiðnámskeiðum á vegum félagsins, haldnar eru firmakeppnir og íþróttakeppnir, farið í ferðalög á hestum með fjölskyldunni og þannig mætti lengi telja.

Val stjórnar og æskulýðsnefndar LH er alltaf erfitt en glæsilegar starfsskýrslur, bera góðu og vönduðu æskulýðsstarfi hestamannafélagsins Smára vitni og er það ánægjulegt að veita þeim æskulýðsbikar LH í ár.

Fulltrúar frá Smára tóku við bikarnum og Rosmarie Þorleifsdóttir, formaður æskulýðsnefndar Smára þakkaði fyrir hönd félagsins.

Önnur mál:

Formaður Hornfirðings, Kjartan Hreinsson, sem heldur fjórðungsmót næsta sumar tók til máls og bauð þingfulltrúa velkomna á mótið.

Rafn Jónsson Herði, bar fram ályktun ásamt Einari Ragnarssyni, þess efnis að aðalfundur Landsmóts 2000 verði haldinn í nóvember 2002 og fyrir fundinum liggi lokauppgjör vegna Landsmóts 2000.

Að þeirra mati hefur stjórn fyrirtækisins brugðist hluthöfum sínum

Fundarstjóri óskar eftir andsvörum sem engin eru.

Ályktunin, sem er þingskjal nr. 29, samþykkt með meginþorra atkvæða.

Jón Gunnarsson Sleipni, bauð fram aðstöðu til að halda næsta landsþing LH á Selfossi 2004.

Hulda Gústafsdóttir, kynnti niðurstöðu könnunar sem þingfulltrúar skiluðu í gær 8. nóvember. Var meðal annars spurt um skiptingu kynjanna, heimsóknir á vefsíður fyrir hestamenn, hvers lags hestamenn þingfulltrúar séu o.s.frv. (sjá nánar aftast í þinggerð)

Elma Cates, formaður unglingadeildar Sörla og framkvæmdarnefndar “Æskan og hesturinn” hélt stutta kynningu á sýningunni. Markmiðið er að kynna íslenska hestinn og þá vinnu sem fer í undirbúning sýninganna. Hún hvatti þingfulltrúa að mæta á næstu sýningar og sjá það verk sem unglingadeildirnar sinna.

Ásgeir Margeirsson, kynnti aðra skoðanakönnunina sem lögð var fyrir þingfulltrúa 9. nóvember og snýr að notkun spóna. Er þetta verkefni sem nemendur í iðnaðartæknifræði við Tækniháskólann eru að vinna. Hvatti hann hestamenn til að prófa vöruna komist hún á markað.

Kristinn Hugason, var alfarið sammála tillögu Rafns og Einars. Að sömu leyti setti hann út á framsögu Sveinbjörns, þ.e. að engar umræður voru í framhaldi erindis hans um landsmótið í sumar og hefði mátt setja skýrar fram.

Gunnar Maggi Árnason, minntist á hátíðina á Broadway um kvöldið og nauðsyn þess að mæta tímanlega.

Sigurður Ragnarsson, lagði fram spurningu varðandi Átak í hestamennsku, hvað sé á döfinni og hvað hafi áunnist.

Hulda Gústafsdóttir, verkefnastjóri Átaksins svarar að horfið hafi verið frá framsögu á þinginu um stöðu Átaksins vegna þéttsetinnar dagskrár. Benti hún mönnum á heimasíðu Átaksins undir Worldfengur.com.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson vildi ítreka varðandi tölur sem gefnar voru upp í erindi hans um afkomu Landsmóts 2002, að þær séu bráðabirgðatölur. Benti hann á að um einkahlutafélag sé að ræða sem haldi sinn eigin aðalfund. Þakkaði svo frábært samstarf í stjórn LH.

Kosningar, framhald:

Niðurstaða úr kosningu meðstjórnenda í stjórn LH:

Guðný Ívarsdóttir 112 atkvæði
Sigurður Steinþórsson 99 atkvæði
Sigurður Ævarsson 93 atkvæði
Sigfús Helgason 88 atkvæði
Sigurður Sveinbjörnsson 85 atkvæði

Fundarstjóri lýsir þá réttkjörna stjórnarmenn til tveggja ára.

Næst var kosning varamanna í stjórn LH:

- d. **Fimm varamenn til tveggja ára.** Kjörnefnd stillti þannig upp: Einar Ragnarsson Herði, Vilhjálmur Skúlason Fáki, Halldór Halldórsson Andvara, Helga Fjóla Guðnadóttir Geysi, Ómar Antonsson Hornfirðingi.

Stungið var upp á **Hirti Einarssyni** úr hestamannafélaginu Neista.

Kosningu hlutu:

Helga Fjóla Guðnadóttir 100 atkvæði
Einar Ragnarsson 92 atkvæði
Halldór Halldórsson 89 atkvæði
Vilhjálmur Skúlason 87 atkvæði
Hjörtur Einarsson 83 atkvæði

Páll Dagbjartsson fráfarandi ritari LH, þakkaði fyrir samstarfið í stjórn LH. Honum finnst vanta upp á enn þá frekari sameiningu hestamanna.

Sigurður Ragnarsson fráfarandi gjaldkeri LH, þakkaði einnig fyrir sig.

Þóra Ásgeirsdóttir, færði Fáki á 80 ára afmælinu vinarvott f.h. hestamannafélagsins Gusts. Afhenti hún formanni Fáks, Snorra B. Ingasyni, eintök af sögu Gusts og platta með afmæliskveðju frá Gusti.

Haraldur Þórarinsson, varaformaður LH benti á varðandi Átaksverkefnið að á næstu mánuðum komi kynningar á starfseminni.

KOSNING SKOÐUNARMANNA:

Kjörnefnd stakk upp á skoðunarmönnum til næstu tveggja ára:

Gísla B. Björnssyni og Pjetri N. Pjeturssyni.

Samþykkt samhljóma

FULLTRÚAR LH Á ÞING ÍSÍ

Tillaga kom um að vísa til stjórnar að finna fulltrúa á þingið.

Engar mótbárur bárust og samþykkt samhljóma.

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH, þakkaði það traust sem honum er sýnt með endurkjöri. Einnig þakkaði hann þeim stjórnarmönnum sem gengu úr stjórninni fyrir frábært samstarf og óskaði nýjum stjórnarmönnum velkomna í hópinn.

Stjórn LH staðfesti á stjórnarfundum sínum 8. nóvember s.l., Íslandsmet Sigurbjörns Bárðarsonar á Óðni frá Búðardal í hundrað metra fljúgandi skeiði sem hann setti á meistaramóti Andvara í september s.l.

Jón hvatti formenn allra hestamannafélaga að skrá sögu síns félags. Væru þetta ómetanlegar heimildir sem þyrfti að skrá meðan stofnendur eru enn á lífi og geta miðlað af reynslu sinni og þekkingu á upphafinu.

Jón Albert minntist einnig á alþjóðlegu FIPO reglurnar og styður nauðsyn þess að skoða reglurnar vel og að þær verði samþykktar hér á landi, sbr. FIZO reglurnar í hrossaræktinni. Einnig að gæðingakeppnisreglurnar verði uppfærðar á alþjóðlegum vettvangi. Jón taldi það mikilvægt að við Íslendingar verðum áfram leiðandi afl innan FEIF, á vettvangi Íslandshestamennskunnar.

Jón Albert þakkaði starfsfólki landssambandsins fyrir frábært starfsár og Fáksmönnum fyrir undirbúning þingsins og uppskeruhátíðar.

Þingi slitið klukkan 17:00